



ÁRSSKÝRSLA 2013



GÆÐAVOTTUN
FRÆDSLÚÐILA

Ársskýrsla 2013

Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir

Ritstjóri: Þórhallur Vilhjálmsson

Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson

Ljósmyndir: Árni Sæberg, Herdís Steinarsdóttir og Þorfinnur Sigurgeirsson

Prentun: Svansprent



ÁRSSKÝRSLA 2013

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar	2
Frá formanni stjórnar	5
Inngangur framkvæmdastjóra	6
Náms- og starfsráðgjöf	8
Raunfærnimat	9
Vottaðar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	10
Þróunarverkefni	16
Tölfræðilegar upplýsingar	18
Almennur rekstur	20

STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR



Stjórn Mímis-símenntunar. Frá vinstri: Stefán Sveinsson, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, Ólafur Darri Andrason, Linda Baldursdóttir og Sigurrós Kristinsdóttir formaður



Adalheiður Sigurjónsdóttir
ráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Kristín Gunnarsdóttir
deildarstjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir
gjaldkeri
Rekstrardeild



Anna Sigurðardóttir
náms- og starfsráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Anna Sólveig Sigurðardóttir
móttaka og skráning
Tungumála- og fjölmenningardeild



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Elín Júlíana Sveinsdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Erla Bolladóttir
verkefnastjóri
Tungumála- og fjölmenningardeild



Erna Björk Gestsdóttir
skrifstofa og skráning
Tungumála- og fjölmenningardeild



Hjördís Kristinsdóttir
bókhald
Rekstrardeild



Hulda Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri



Inga Jóna Pórisdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Ingibjörg Stefánsdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Ingunn Guðmundsdóttir
deildarstjóri
Rekstrardeild



Irma Matchavariani
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Kristín Lóa Viðarsdóttir
verkefnastjóri
Rekstrardeild



Lilja Rós Óskarsdóttir
verkefnastjóri
Fræðslu- og ráðgjafadeild



Sólborg Jónsdóttir
deildarstjóri
Tungumála- og fjölmenningardeild



Vala S. Valdimarsdóttir
verkefnastjóri
Tungumála- og fjölmenningardeild



Þór Sigurjón Ólafsson
þjónustufulltrúi
Rekstrardeild



Þórhallur Vilhjálmsson
kynningar- og upplýsingafulltrúi
Rekstrardeild



Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir
náms- og starfsráðgjafi
Fræðslu- og ráðgjafadeild





ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Sigurrós Kristinsdóttir, formaður stjórnar

Síðastliðin ár hefur rekstur Mímis verið í járnnum en með samhentum átaki stjórnar, stjórnenda og síðast en ekki síst starfsfólki Mímis hefur með frumkvæði, dugnaði og framsækni tekist að ná utan um reksturinn og aðlaga starfsemi að þeim öru sveiflum sem verið hafa í rekstrarumhverfi Mímis-símenntunar síðustu ár. Tekjur og verkefnastaða hafa sveiflast mikið fram og til baka, oft með ófyrirséðum hætti. Helsta skýringin er það mikla atvinnuleysi og þær öru breytingar sem verið hafa á vinnumarkaði síðan hrúnið dundi á okkur. Þar sýndi Mímir-símenntun mikinn sveigjanleika og tókst að mæta nýjum veruleika með mjög skjótum og áhrifaríkum hætti.

Áherslur Eflingar-stéttarfélags og Mímis-símenntunar fara vel saman þegar kemur að menntun fólks með stutta formlega skólagöngu. Í mörg ár hafa þessir aðilar staðið saman að fjölbreyttum námsleiðum sem fjölmargir hafa nýtt sér og oftast en ekki orðið hvatning til frekara náms.

Aukin þekking skilar sér síðan beint til samfélagsins, vinnustaðarins og einstaklinganna – allir njóta góðs

af því að byggja upp menntun í samfélaginu og það er ánægjulegt að með þessu móti leggjum við lóð á vogarskálarnar við að auka menntunarstig þjóðarinnar.

Mímir tekur nú þátt í spennandi tilraunaverkefni sem nefnist *Menntun núna*. Verkefnið er á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins og hefur það markmið að auka ráðgjöf og stuðning við menntun í Breiðholti. Bæði Mímir og Efling eiga fulltrúa í verkefnastjórninni.

Markmið verkefnisins er að auka þjónustu og stuðning við einstaklinga í því skyni að auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Í fyrsta lagi innflytjendur, í öðru lagi fólk á aldrinum 25–54 ára, sem ekki hefur lokið formlegu námi eftir grunnskóla, og í þriðja lagi fólk á aldrinum 18–25 ára sem horfið hefur frá framhaldsnámi. Verkefnið fer mjög vel af stað og verður spennandi að taka þátt í að móta og stýra því starfi sem þarna er framundan.

Íslenskukennsla er grunnur þess að einstaklingar af erlendum uppruna geti öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi. Því miður hefur greiðsluhluti þeirra sem ákveða að fara í íslenskunám sífellt verið að hækka síðustu ár. Þar er fyrst og fremst því um að kenna að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur dregið mikið úr fjárveitingum til íslenskukennslu. Því hafa símenntunarmiðstöðvarnar og aðrir sem bjóða upp á íslenskukennslu neyðst til að hækka eigið framlag þeirra sem skrá sig í íslenskunám. Þetta er hættuleg þróun sem verður að snúa við. Rétt er að taka fram að starfsmenntasjóðir atvinnulífsins styrkja íslenskunám eins og annað sem félagsmenn velja að læra en ekki hafa allir aðgang að þeim sjóðum.

Að lokum vil ég færa stjórn Mímis, framkvæmdastjóra og starfsfólki mínar bestu þakkir fyrir gefandi og árangursríkt samstarf á starfsárinu og ég hlakka til að takast á við verkefni framtíðarinnar með þessum öflugum hópi.

Sigurrós Kristinsdóttir

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Starfsári Mímis 2013 lauk í desember með glæsilegri útskrift 126 nemenda í Borgarleikhúsinu að viðstöddu fjölmenni. Mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, sýndi nemendum þann heiður að ávarpa viðstadda. Nemendur voru úr 10 mismunandi náms-
hópum og voru frá átta þjóðlöndum. Gleðin skein úr andlitum útskriftarnema, starfsfólks Mímis og gesta. Það eru þessir hápunktar í starfi innan framhaldsfræðslunnar sem gera starfið sérlega gefandi og skemmtilegt, þ.e. að sjá árangur og horfa á eftir nemendum til ábyrgðarmeiri starfa eða í áframhaldandi nám innan jafnt sem utan formlega skólakerfisins.

Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægur þáttur í þjónustu Mímis og á árinu voru samtals 3.052 viðtöl veitt af ráðgjöfum Mímis. Auk þess stunduðu 3.233 einstaklingar nám hjá Mími árið 2013 sem er tæplega 10% fjölgun frá fyrra ári. Mest hefur fjölgunin verið í almennum greinum.

Reynslan sýnir að nám sem veitir brautargengi inn í annað nám, eins og Menntastoðir, eða gefur aukin réttindi og laun, eins og Félagsliða- og Leikskólalíðabryr, er eftirsótt og eftirspurn stöðug. Fjöldi nemenda sem

útskrifaðist úr Menntastoðum árið 2013 var ríflega tvöfalt meiri en árið áður. Flestir þeirra halda áfram námi í fornámsdeildum háskólanna.

Fyrir nokkrum árum hóf mennta- og menningarmálaráðuneytið að greiða niður kostnað vegna íslenskunámskeiða fyrir innflytjendur. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi sl. ár og er kostnaður í auknum mæli settur yfir á nemendur, sem kemur sér illa fyrir marga. Sérlega vantar stefnumörkun yfirvalda í málefnum innflytjenda.

Á árinu stóð Mímir fyrir nokkrum fundum og ráðstefnunum. Vorfundur Mímis fjallaði að þessu sinni um *Nám á vinnustað* og var þar m.a. kynnt samstarf Mímis og fyrirtækja/stofnana um nám fyrir starfsfólk þeirra. Fjölmörg áhugaverð erindi voru flutt og ljóst að nám á vinnustað mun fá vaxandi vægi í nánustu framtíð. Einnig má nefna norrænu ráðstefnuna Menntun, lýðræði og jafnrétti, sem haldin var 15. og 16. apríl á Nesjavöllum í tilefni af 10 ára afmæli Mímis-símenntunar. Fulltrúar allra Norðurlandanna tóku þátt og var ráðstefnan vel sótt.

Rekstrarstaða Mímis sl. ár hefur kallað á aðhalds-
aðgerðir. Einn liður í því var að leggja niður frístundanámskeið en þau hafa verið mikilvægur þáttur í alþýðufræðslu um margra ára skeið. Það var erfið ákvörðun en nauðsynleg. Tekist hefur að draga verulega saman í rekstrarkostnaði. Tekjurnar eru nánast alfarið háðar verkefnum og geta verkefni sveiflast umtalsvert frá einu ári til annars. Rekstrarframlag ríkisins til Mímis er hlutfallslega lang lægst af öllum símenntunarmiðstöðvum á landinu og er einungis tæp 4% af veltu fyrirtækisins og því eru 96% tekna verkefnatengdar. Það er ljóst að eigendur og stjórnendur Mímis munu leggja á eitt um að fá leiðréttingu á rekstrarframlagi ríkisins.

Mímir flutti í Ofanleiti 2 vorið 2011 og hér töldum við okkur hafa fundið framtíðarhúsnæði. Það urðu því mikil vonbrigði þegar nýir eigendur húsnæðisins sögðu upp samningum. Mótlæti skapar oft ný tækifæri og við munum flytja í Höfðabakka 9 sumarið 2014. Það húsnæði verður sniðið að okkar þörfum og erum við full tilhlökkunar að flytja í hentugt húsnæði á góðum stað.



Ljóst er að áframhald verður á mikilvægi framhaldsfræðslu á Íslandi og þar gegna símenntunarmiðstöðvar um land allt mikilvægu hlutverki. Í síbreytilegu samfélagi þarf stöðugt að endurskoða áherslur og aðferðir í takt við þarfir atvinnulífsins. Áhersla á nám á vinnustað hefur farið vaxandi og hefur Mímir lagt sig fram um að mæta þeirri þörf. Eins eru almennt óskir um að nám sé metið til eininga. Framhaldsfræðslan hefur ekki getað mætt því nema að litlu leyti. Hefur Mímir tekið frumkvæði að því að skoða möguleika á framhaldsskóla full-orðinna og mun þeirri vinnu ljúka á árinu 2014.



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Náms- og starfsráðgjöf Mímis-símenntunar var í mikilli sókn á árinu og er alltaf að aukast. Fjölmarginir viðmælendur hafa hitt náms- og starfsráðgjafa, bæði í einstaklings- og hópráðgjöf.

Helstu viðfangsefni í ráðgjafaviðtölum hafa snúið að:

- ◉ vali á námi og námskeiðum.
- ◉ aðstoð við skipulögð vinnubrögð.
- ◉ leiðir til að takast á við hindranir í námi og starfsleit.
- ◉ áhugasviðsgreiningu og greiningu á færni.
- ◉ ferilskrárgerð, gerð starfsumsóknna, kynningar- og fyrirspurnabréfa.
- ◉ útvíkkun hugmynda í starfsleit og eftirfylgni við að sækja um störf.
- ◉ hvatningu, stuðningi og sjálfsefningu.
- ◉ raunfærnimati.

Það hefur gengið vel að ná til ráðþega og eftirspurnin eftir viðtölum hefur verið mikil. Það hefur aukist að ráðþegar óski eftir viðtali að eigin frumkvæði, einnig hefur stuðningur við nemendur Mímis aukist töluvert. Það hefur sýnt sig að markhópurinn hefur mikla þörf fyrir einstaklingsmiðaða ráðgjöf og stuðning við leit að starfi

og vali á námi. Það hefur nýst ráðþegum vel að fara yfir mögulegar leiðir í námi byggðar á styrkleikum, áhuga og færnikröfum. Þá höfum við í sameiningu leitað leiða til að yfirstíga hindranir sem ráðþegar glíma við varðandi nám og starfsleit.



RAUNFÆRNIMAT

Mat á raunfærni er staðfesting á þekkingu

Raunfærnimat er öflugt tæki fyrir þá sem hafa reynslu úr atvinnulífinu en stutta formlega skólagöngu. Með því að fara í raunfærnimat er hægt að stytta nám, sýna fram á reynslu og færni í starfi eða atvinnuumsókn og leggja mat á frekari starfsþróun. Matið getur styrkt stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og eflt sjálfstraust.

Á síðasta ári var mikil gróska í raunfærnimati. Einn hópur fór í gegnum raunfærnimat í skrifstofugreinum á móti

námsskrá skrifstofubrautar í MK. Þá fór af stað raunfærnimat í Verslunarfagnámi. Tvö ný raunfærnimatsverkefni hófust á árinu en þau er verið að framkvæma í fyrsta sinn. Annars vegar er um að ræða raunfærnimat á móti námsskrá á félagsmála- og tómsundabraut sem kennd er við Borgarholtsskóla. Hins vegar hófst raunfærnimat fyrir starfsfólk í vöruhúsum en í því verkefni er matið á móti færnikröfum atvinnulífsins.



Hvað kanntu? Hvað geturðu?

Viltu fá það matið?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig

- Starfsfólk í verslunum
- Skrifstofustarfsfólk
- Starfsfólk í vöruhúsum
- Starfsfólk við frístunda- og félagsstörf

VOTTÐAR NÁMSLEIÐIR FRÆDSLUMIÐSTÖÐVAR ATVINNULÍFSINS OG MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS SEM Í BODI ERU HJÁ MÍMI-SÍMENNTUN



Aftur í nám 95 kennslustundir

Ótrúlega fá ár eru síðan fólk með lestrar- eða skriftarferfiðleika var einfaldlega afskrifað í skólakerfinu sem tossar eða annað þaðan af verra. Námskeið fyrir lesblinda, *Aftur í nám*, hefur reynst mörgum sannkölluð hjálparhella og markað upphaf að frekara námi. Námsleiðin inniheldur íslensku- og tölvukennslu, sjálfstyrkingu og 40 einkatíma í aðferðum Ron Davis, auk einkatíma með námsráðgjafa.

Umsögn nemanda: Mér finnst Davis-ráðgjöfin nú þegar byrjuð að nýtast mér við að skrifa.

Stórkostleg í alla staði, bæði kennari og prógrammið.

Almennar bóklegar greinar

300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (Nám og þjálfun) er kjörin leið fyrir þau sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn. Auk námstækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Tölvunotkun er þjálfuð við upplýsingaleit og verkefnavinnu.

Grunnmenntaskóli 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli, önnur vinsælasta námsleiðin hjá Mími-símenntun, byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra m.a. námstækni, íslensku, fram-sögn, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu.

Umsögn nemanda: Ég hafð ekkert sjálfstraust í námi og sá aldrei fyrir mér að ég færi í háskóla en hjá Mími gat ég byrjað alveg frá grunni og þar fékk ég aðstoð og hvatningu við að taka eitt skref í einu. Þar var mér kennt að læra og þar fékk ég það sjálfstraust sem ég þurfti til þess að halda áfram menntaveginum. Mér fannst ég koma vel undirbúin í Keili og er núna byrjuð í námi í félagsráðgjöf hjá HÍ. Gamli draumurinn sem ég hafði vantrú á er að rætast.

Meðferð matvæla 60 kennslustundir

Markmið með námsleiðinni er að auka þekkingu á mikilvægi þekkingar og ábyrgð starfsmanna á lýðheilsu, sóttvörnum og gæðastöðlum, mikilvægi skipulags og eftirlits og örverum í matvælaíðnaði. Námsleiðin, sem er stutt og afar hagnýt, hefur hlotið einróma lof þeirra sem tekið hafa þátt. Stór hluti námsins er verklegur. Meðferð matvæla hefur m.a. verið aðlöguð og kennd hópum með takmarkaða kunnáttu í íslensku.



Menntastoðir 660 kennslustundir

Þessi námsleið er sú vinsælasta hjá Mími-símenntun og er krefjandi en skilar miklu. Námsleiðin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og háskólabráú Keilis og þar með eru nemendur komnir í lánshæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og bókfærsla. Kostur er á því að ljúka Menntastoðum á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum.

Umsögn nemanda:

Frábært að koma hingað og klára þetta. Kynntist góðu fólki og það var mjög gaman.

Búið að vera frábært að byrja aftur í námi. Mjög skipulagt og gott í alla staði.

Þjónusta við ferðamenn

– Færni í ferðaðjónustu 160 kennslustundir

Ferðaðjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra er vinna við greinina. Meðal námsgreina eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaðjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og –gjöf. Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur gera lokaverkefni sem þeir kynna í lokin. Námsleiðin hefur verið aðlöguð fyrir og

kennd Pólverjum og verið er að vinna að uppsetningu námsleiðarinnar fyrir aðra erlenda námshópa.

Umsögn nemanda: Námskeiðið er enn betra og miklu yfirgrípsmeira en ég bjóst við. Hópurinn var samstilltur, námið skemmtilegt og ég veit að þetta kemur til með að hjálpa mér á vinnumarkaðnum.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

410 kennslustundir

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám NTV og Mímis-símenntunar var kennt í fyrsta sinn árið 2013. Námið hentar sérstaklega þeim sem hafa áhuga á að vinna við viðskipta- sölu- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta- markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.

Námið er ætlað fólki sem er 20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki. Öll fög í náminu eru kennd frá grunni.

Umsögn nemanda: Bæði góðir kennarar og skemmtilegir. Sumir eru með eigin rekstur sem gerir námið hagnýta og „up to date“.



Skrifstofuskóli NTV og Mímis-símenntunar 240 kennslustundir

Skrifstofuskóli NTV og Mímis-símenntunar er mjög vinsælt og hagnýtt nám, þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir eru byggðar á hagnýtum viðfangsefnum og nýlega fékkst heimild menntamálaráðuneytisins til kennslu samkvæmt endurskoðaðri námskrá.

Flutningaskóli Samskipa 300 kennslustundir

Fjöldi fólks hefur lokið þessu námi hjá Samskipum og var eftirspurn mikil. Tilgangur námsins er að efla faglega hæfni starfsmanna flutningafyrirtækja, bæði með bóklegu og verklegu námi. Meðal námsþátta eru: Samskipti og ábyrgð, íslenska, framsögn og tjáning, fyrirtækjabragur, rekstur, flutningafræði, markaðsmál og þjónusta. Einnig er kennd stærðfræði, gagnaöflun og töflureiknir. Vinnustaðanám er stór hluti Flutningaskólans.

Nám fyrir starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu

Á árinu voru haldin fjögur 100 kennslustunda fagnámskeið fyrir starfsmenn sem starfa við aðhlyningu og umönnun, tvö fagnámskeið 1 og tvö fagnámskeið 2. Það er ánægjulegt að greina frá því að algennt er að fólk haldi áfram og ljúki námi af Félagsliðabréu sem er tveggja ára nám með starfi.

Félagsliðabréu

Fjórir hópar stunduðu nám á Félagsliðabréu bæði á vor- og haustönn.

Í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag var boðið upp á 56 kennslustunda framhaldsnám fyrir félagsliða um fötlun og geðraskanir.

Umsögn nemanda: Það sem dreif mig áfram í þessu námi var félagsskapurinn. Við studdum hvort annað ef einhver var að guggna. Námið var einkar gagnlegt og veitti mér meiri innsýn í starfið.

Nám fyrir starfsmenn sem starfa á leikskólum

Fagnámskeið fyrir leikskóla I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs sem starfsfólk leikskóla á kost á. Að þeim loknum sækja margir um áframhald í Leikskólaliðabréu.

Leikskólaliðabréu

Leikskólaliðabréu er tveggja ára nám samhlíða starfi og veitir starfsheitið Leikskólaliði.

Nám fyrir fólk af erlendum uppruna

120 kennslustundir

Haldnir voru fjórir Landnemaskólar á árinu. Landnemaskólinn er 120 kennslustunda nám þar sem nemendur læra meðal annars íslensku og samfélagsfræðslu.

Í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag og VMST var pólskum atvinnuleitendum boðið upp á tvær námsleiðir FA sem eru Landnemaskólinn og Sterkari starfsmaður-upplýsingatækni og samskipti, samtals 270 kennslustunda nám. Þetta tilboð fékk heitið Orkan og voru haldnir þrjú bekkir á árinu. Vel tókst til og var ánægja með þetta nám meðal þátttakenda.

Umsögn nemanda: Ég fékk að læra svo miklu meira heldur en bara tungumálið. Kennararnir voru frábærir og töluðu skýrt og báru vel fram þannig að við sem vorum ennþá að ná tungumálinu skildum allt sem fór fram. Heimsóknin í Alþingi var það minnisstæðasta.

ANNAÐ NÁM



Íslenska sem annað mál

Á árinu 2013 voru haldin 82 námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Námskeiðin voru vel sótt og brottfall nemenda úr námskeiðum afar lítið. Flest íslenskunámskeið hjá Mími-símenntun eru 60 kennslustundir en einnig er boðið upp á 30 stunda námskeið í talþjálfun og ritun. Boðið er upp á sex stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt, daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu á móðurmáli nemenda á átta mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst nemendum að taka stöðumat svo hægt sé að meta hvaða stig hentar þeim best. Einnig er hægt að taka íslenskupróf vegna umsóknar um búsetuleyfi og Mími-símenntun býður að auki upp á námskeið til að undirbúa innflytjendur fyrir próf í íslensku vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgararétt.

Umsögn nemanda: Kennarnir hjá Mími eru sérstaklega góðir og námsefnið það besta sem ég hef fengið í hendur við íslenskunám hér á landi. Þegar ég vildi kynna mér eitthvað betur voru kennarnir ávallt fúsir að benda mér á bækur eða vefsíður þar sem ég gat haldið áfram.

Að lesa og skrifa á íslensku – ný námsleið fyrir innflytjendur

Á árinu kom út ný námskrá á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem starfsmenn Mímis-símenntunar unnu. Námskráin ber heitið *Að lesa og skrifa á íslensku* og er fyrir innflytjendur sem glíma við ólæsi eða þurfa þjálfun í lestri og skrift. Námið er 120 stundir og námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og efling sjálfstrausts.

Fjölmennt

Samstarf Mímis-símenntunar og Fjölmennatar, símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, gekk vel á árinu. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fötluðu fólki tækifæri til að taka þátt í símenntun hjá Mími og þar með stuðla að því að fatlað fólk njóti símenntunar hjá sömu aðilum og ófatlað fólk eftir því sem kostur er. Á síðasta ári voru haldin 38 fjölbreytt námskeið fyrir þennan nemendahóp.

Tungumála- og frístundanámskeið

Á vorönn voru haldin tungumálanámskeið, námskeið í handverki og hönnun, myndlist, menningu, lífstílnámskeið auk námskeiða um tölvur og tækni. Vegna minnkandi þátttöku í frístundanámskeiðum var ekki boðið upp á slík námskeið á haustönn fyrir utan tungumálanámskeið. Áfram er unnið að því að efla fjölbreytt tungumálanám hjá Mími-símenntun.



Starfsleitarnámskeið

Í samstarfi við Starf ehf. hefur Mímir skipulagt og haldið starfsleitarnámskeið fyrir atvinnuleitendur. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Segja má að helstu þarfir hópsins séu af tvennum toga; annars vegar þarf hann sjálfstyrkingu og stuðning, hins vegar þarf hópurinn aðhald, hvatningu og að hann sé virkjaður til atvinnuleitar. Námskeiðið var því hannað með þessar þarfir í huga.

Starfsleitarnámskeiðið hefur veitt náms- og starfsráðgjöfum Mímis tækifæri til að leiðbeina fólki í atvinnuleit, t.d. varðandi nám og einnig að veita þeim persónulega aðstoð og stuðning til að takast á við breyttar aðstæður. Námskeiðið hefur gengið mjög vel og framhald er fyrirhugað á samstarfinu.

ÝMISLEGT

Fræðslustjóri að láni

Mímir tók að sér verkefni sem *Fræðslustjóri að láni* í samstarfi við Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóð Eflingar og Reykjavíkurborgar og Starfsmenntasjóð verslunar og skrifstofufólks (SVS). Verkefnið byggist á að lána út mannaúsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Farið er yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækjanna, dregið fram það sem vel er gert, gerð eða dýpkuð greining á

þörfum fyrirtækja og samhæft öðrum námskeiðum eða viðurkenndum fræðsluleiðum innan óformlega fræðslukerfisins. Afurð verkefnisins er tímasett fræðsluáætlun fyrir fyrirtækin.

Málþing

Í samstarfi Kvasis og mennta- og menningarmálaráðuneytisins, með stuðningi menntaáætlunar Evrópusambandsins, stóðu Mímir-símenntun, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi að málþingi um Málefni innflytjenda og menntun full-orðinna innflytjenda. Áhersla var lögð á hvað almennt er í boði varðandi menntun innflytjenda og hvað nýtt er af nálinni. Gáfu undirbúningur og umræður málþingsins góða yfirsýn yfir framboð og nýjungar í menntun innflytjenda á Íslandi.

ERLENT SAMSTARF

ABF í Norden

Mímir-símenntun er aðili af ABF í Norden sem eru fræðslusamtök verkalýðsfélaga á Norðurlöndum. Markmið samtakanna er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu.

Í tilefni af 10 ára afmæli Mímis-símenntunar á síðasta ári var haldin norræn ráðstefna á Íslandi sem nefndist Menntun, lýðræði og jafnrétti. Í dagskrá var varpað fram eftirfarandi spurningum:

- Hvað veldur því að framboð menntunar er mismunandi í höfuðborgum og á landsbyggðinni á Norðurlöndunum?
- Mismunar þetta íbúum eftir því hvar þeir búa á landinu?
- Hvaða hlutverki gegnir menntun í þróun byggðar?

Ráðstefnan var haldin á Nesjavöllum dagana 15.–16. apríl 2013. Hún var vel sótt og umræður góðar.



INNRA STARF



Gæðastjórnun

Mímir fór í árlega viðhaldsúttekt BSI vegna gæðavottunar samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM (European Quality Mark). Á grundvelli niðurstaðna úttektarskýrslu var gerð umbótaáætlun. Matsmenn BSI lýstu í úttektinni ánægju með árangur Mímis í gæðamálum.

Á árinu hefur gæðateymi Mímis haldið áfram vinnu að endurbótum og uppsetningu ferla og gátlista fyrir hin ýmsu verkefni fyrirtækisins. Einnig hefur teymið unnið að eflingu gæðavitundar hjá starfsfólki Mímis.

Gæðahandbók

Gæðahandbókin lýsir stjórnskipulagi og stefnu Mímis ásamt þeim ferlum sem notaðir eru til að uppfylla gæðamarkmið fyrirtækisins. Gæðateymi Mímis hefur á árinu unnið að því að bæta gæðahandbókina og hefur áhersla verið lögð á það að gera hana aðgengilegri fyrir starfsmenn. Til að auðvelda starfsmönnum að nálgast efni gæðahandbókarinnar hefur hún verið sett inn á skjalasafn Mímis á rafrænt form. Nýting gæðahandbókarinnar er mikilvægur liður í því að tryggja enn frekar gæði starfseminnar fyrir nemendur, samstarfsaðila og starfsmenn.



GÆÐAVOTTUN
FRÆÐSLUAÐILA

ÞRÓUNARVERKEFNI

Þróunarverkefni voru umfangsmikill þáttur í starfsemi Mímis á árinu 2013. Alls var unnið að nítján þróunarverkefnum, fimmtán innlendum og fjórum erlendum verkefnum. Nær öll innlendu verkefni voru styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem hluti af átakinu Nám er vinnandi vegur, og þróunarsjóði framhaldsfræðslunnar.

Á síðasta ári lauk vinnu við eftirfarandi þróunarverkefni:

Greining á starfsmenntun pólskra atvinnuleitenda

Rafræn könnun var hönnuð og framkvæmd meðal pólskra atvinnuleitenda. Markmiðið var að greina starfsmenntun þeirra og meta áhuga á starfsmenntun á Íslandi með það fyrir augum að þróa nám sem hentar þessum hópi. Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar var send Menntamálaráðuneytinu og Velferðarráðuneytinu. Einnig var haldin sérstök kynning þar sem aðilar frá Vinnumálastofnun, Eflingu og FA mættu.

Grunnnám fyrir túlka af erlendum uppruna

Nýtt nám var hannað og tilraunakennt með það fyrir augum að leggja grunn að námsbraut fyrir túlka af erlendum uppruna sem ekki hafa lokið prófi í samfélagstúlkun á háskólastigi.

Íspól – Nám og starfsþjálfun fyrir pólska atvinnuleitendur

Fjölbreytt nám sem m.a. hafði það að markmiði að rjúfa einangrun og styrkja nemendur félagslega en einnig að fá starfsþjálfun hjá mörgum ólíkum fyrirtækjum, eftir áhugasviði þátttakenda. Þátttakendur voru allir pólskir atvinnuleitendur.

Meðferð matvæla fyrir námsmenn með sérþarfir

Í verkefninu var námskrá FA *Meðferð matvæla* aðlöguð og nám hannað og kennt í framhaldi fyrir fólk með þroskahömlun.

Námsmat í Grunnenntaskóla og Námi og þjálfun

Í verkefninu var námsmat þróað fyrir Grunnenntaskólann og Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum sem auðveldar gagnsæi námsins og mat þess inn í framhaldsskólakerfið.

Verkfærni í framleiðslu

Verkefnið fól í sér mikið samstarf við Samtök iðnaðarins og Marel. Ný námsleið var þróuð og námskrá skrifuð

sem undirbýr nemendur fyrir tækniörf eða frekara nám á því sviði. Hluti af náminu er þjálfun hjá fyrirtækjum sem vinna með háþróaða tækni. Námskráin hefur verið vottuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Samþætting íslenskunáms og þjónustuliðanáms fyrir erlenda starfsmenn heilbrigðisstofnana

Í verkefninu var námsleiðin þjónustuliðar – grunnnám aðlöguð og bætt með tilliti til þarfa starfsmanna sem hafa íslensku sem annað mál. Innleiddir voru fjölbreyttir kennsluhættir sem henta fjölmenningarlegum hópi nemenda. Erlendir þjónustuliðanemar fengu einnig þjálfun í almennri íslensku og starfstengdum orðaforða. Samstarfsfólk var frætt um mikilvægi leiðbeiningar og stuðnings við íslenskunám og aðlögun erlendra starfsmanna á fjölmenningarlegum vinnustað.

Áfram er unnið að eftirfarandi þróunarverkefnum hjá Mími-símenntun:

Fjölmening í námshópum Mímis

Markmiðið er að innleiða fjölmenningarlega stefnu innan Mímis-símenntunar, m.a. með því að þróa kennsluhætti, móttöku nemenda og námsferlið í námsleiðum FA sem eru kenndar hjá Mími með tilliti til fjölmenningarlega námshópa.

Grunnenntaskóli fyrir innflytjendur

Markmið verkefnisins er að þróa aðferðir og námsefni innan námsskrár Grunnenntaskólans til að koma til móts við hóp fullorðinna innflytjenda með stutta formlega menntun.

Nám á vinnustað. Efling lykilmæni og starfs-hæfni á vinnustað

Meginmarkmiðið er að þróa nýjar leiðir til að ná til þeirra starfsmanna á vinnustöðum sem hafa hvað minnsta menntun og erfiðast hefur reynst að hvetja til færniefningar og starfsþróunar. Einnig að veita þátttakendum hvatningu og bjóða upp á nám sem miðar að því að styrkja lykilmæni í læsi, stærðfræði og ensku.



Tækninám og tölvuviðhald fyrir námsmenn með sérþarfir

Markmið verkefnisins eru m.a. að þróa og kenna sérhæft tölvutækninámskeið fyrir fólk á einhverfurófi sem býr við skerta námsfærni og atvinnumöguleika vegna fötlunar sinnar og að bæta atvinnumöguleika fatlaðs fólks.

Verkfærni í framleiðslu II

Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna sérhæft nám og þjálfun fyrir starfsfólk í framleiðslufyrirtæki, að greiða leið þátttakenda til náms í formlega skóla-kerfinu, að dýpka og bæta við þekkingu frá fyrra námi (byggðu á námskránni Verkfærni í framleiðslu I) með bóklegu námi og sértækri verklegri þjálfun og að námskránnar VF I og VF II verði vísir að viðurkenndu starfsnámi.

Vöruhús: Hönnun námsleiðar fyrir starfsfólk í vöruhúsum

Markmið verkefnisins eru að hanna námsleið fyrir starfsfólk í vöruhúsum og tilraunakenna námskeið. Náminu er ætlað að koma til móts við einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki. Þúið er að greina færnikröfur til þessara starfa og búa til hæfniviðmið á hæfniprepi 2 sem munu verða til hliðsjónar við gerð námsleiðarinnar.

Þjónusta við ferðamenn fyrir innflytjendur

Markmið verkefnisins eru m.a. að aðlaga námsleiðina þjónusta við ferðamenn fyrir fólk af erlendum uppruna, að auka starfsmöguleika í ferðaðþjónustu meðal atvinnuleitenda af erlendum uppruna, að auka aðkomu atvinnulífsins að námsleiðinni og að gefa innflytjendum tækifæri til að kynna íslensku samfélagi og menningu á nýjan hátt.

Þjónusta og upplýsingagjöf

Markmið verkefnisins eru m.a. að hanna námsleið fyrir starfsfólk með stutta formlega menntun sem starfar við móttöku, símsvörun og upplýsingagjöf á samfélagsmiðlum. Markmiðið með námsleiðinni er að mæta þörf ólíkra fyrirtækja fyrir vel menntað starfsfólk og mæta þörf samfélagsins fyrir sérhæft starfsfólk með áherslu á samskipti og sjálfstraust í fjölmenningarlegu samfélagi.

Pau erlendu samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru:

EMPROS: Exploring migrants' basic professional skills nonverbally

– styrkt af *Leonardo áætluninni*. Markmið verkefnisins er að samstarfsaðilar læri af reynslu og þekkingu innan hópsins af því að meta starfsþekkingu og starfsfærni innflytjenda með því að nota ólík verkfæri og aðferðir. Einnig eru notuð rafræn próf í iðngreinum sem eru sérhæfð til að meta færni fólks af erlendum uppruna án þess að tungumál sé hindrun.

eEnrich

– styrkt af *Grundtvig áætluninni*. Markmið verkefnisins er að kynslóðir læri hvor af annarri. Mörg lönd taka þátt og verkefni eru af ýmsum toga. Hjá Mími-símenntun vinna nemendur í Menntastöðum verkefni með eldra fólk.

LETSO through Culture


(Language, Education, Teaching Skills, Growing Opportunities through Culture) – styrkt af *Grundtvig áætluninni*. Samstarfslöndin eru sjö og markmið verkefnisins er að tengja saman menningar- og tungumálakennslu auk fjölmenningarlegra kennsluhátta, í samstarfslöndunum, bæði í kennslu erlendra tungumála og í kennslu fyrir innflytjendur.

Inlärningssvårigheter på arbetsplats


(Sértækir námsörðugleikar, áhrif þeirra á vinnustað) – styrkt af *norrænu ráðherranefndinni* og heyrir undir Nordplus Voksen áætlunina. Markmiðið verkefnisins er að kortleggja vinnustaði með tilliti til þess hvort einstaklingar með sértæka námsörðugleika séu á vinnustaðnum og hvort komið sé til móts við fólk með slíka erfiðleika á vinnustaðnum.

TÖLFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR


Heildarfjöldi nemendastunda 2009–2013




Nemendastundir 2009–2013




Heildarfjöldi nemenda 2009–2013




Skipting nemendastunda eftir flokkum 2013



Nemendastundir 2009–2013




Nemendastundir 2009–2013







Fjöldi viðtala 2009–2013



Aldursdreifing 2013



Ráðþegar í náms- og starfsráðgjöf eftir aldri 2013





ALMENNUR REKSTUR



Rekstrarniðurstaða Mímis fyrir árið 2013 var 6.290.279 kr. tap eða um 1,8% af veltu. Mímir er því rekinn með halla þriðja árið í röð þrátt fyrir verulegt aðhald í rekstri. Tekjur ársins voru rúmum sex milljónum lægri en árið 2012 og þrettán milljónum lægri en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir. Útgjöldin lækkuðu um 25 milljónir frá árinu 2012 og var það í algjöru samræmi við áætlun. Að því leyti er óhætt að lýsa yfir umtalsverðum árangri í rekstri þó að niðurstaðan sýni halla. Það er að hluta til vandasamt að áætla tekjur Mímis fyrirfram þar sem í sumum þáttum þjónustunnar eru miklar sveiflur. Sem dæmi um það eru námsleiðir fyrir atvinnuleitendur sem hafa fallið úr 78 milljónum árið 2011 í tæpar 19 milljónir árið 2013.

Á síðastliðnu ári tilkynnti menntamálaráðuneytið að framlög vegna íslenskukennslu yrðu einungis veitt viðurkenndum fræðsluaðilum í skilningi laga um framhaldsfræðslu. Það er jákvætt og eðlilegt framhald af auknum gæðakröfum ráðuneytisins til aðila í framhaldsfræðslu. Á sama tíma hafa hinsvegar greiðslur ráðuneytisins vegna íslenskukennslu farið lækkanði að rangildi. Nauðsynlegt er að endurskoða greiðslukerfi ráðuneytisins vegna íslenskukennslu svo að gæðin geti blómstrað og innflytjendur hafi tök á að nýta sér hana.

Heildarvelta Mímis-símenntunar 2009–2013

